

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár nr. 892 10. desember 1999 með síðari breytingum.

1. gr.

Hvarvetna þar sem heitið „Lottó 5/38“ kemur fyrir í reglugerðinni komi: Lottó 5/40.

2. gr.

Í stað orðanna „Vikingalottói“ í liðum 3.10, 4.2, 5.2, 5.2.1 á tveimur stöðum og 9.1 komi: Vikingalottó.

3. gr.

Í stað orðanna „Íþróttasambands Íslands“ í 1. gr. lið 1.1 komi: Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands.

4. gr.

2. gr. liður 2.1 breytist þannig að í stað „Dansk Tipstjeneste A/S“ komi: Danske Spil A/S.

5. gr.

Í 6. gr. breytast tölfræðilegar vinningslíkur Lottó 5/40 og verða svohljóðandi:

Lottó 5/40:

| | |
|-------------------------------|------------|
| Fimm aðaltölur | 1: 658.008 |
| Fjórar aðaltölur og bónustala | 1:131.602 |
| Fjórar aðaltölur | 1: 3.760 |
| Þrjár aðaltölur | 1: 111 |
| Tvær aðaltölur og bónustala | 1: 117 |

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir nr. 26 2. maí 1986, sbr. lög nr. 126 16. desember 2003, öðlast gildi þegar í stað. Þó öðlast breyting samkvæmt 1. gr. ekki gildi fyrr en 11. maí 2008.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. mars 2008.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.